

10. nóvember 2014

Til ÍTH

Snjóbrettamót í miðbæ Hafnarfjarðar

Með þessu bréfi sæki ég formlega um styrk frá Íþróttá og tómsbundanefnd Hafnarfjarðar til þessa að halda snjóbrettamót í miðbæ Hafnarfjarðar nánar tiltekið á Thorsplani í febrúar/mars 2015. Mótið mun trúlega fara fram á laugardegi og er unnið að því að finna hentugan dag. Samráð verður haft við verslunareigendur í miðbæ.

Mun þessi styrkur nýtast við undirbúning og framkvæmd mótsins. Kostnaður felst í því að s.s. smíða braut undir keppnina og útvega snjó t.d. kostar umtalsvert að flytja snjó frá Bláfjöllum. Við óskum eftir fjárstuðningi upp á 150.000 kr frá Hafnarfjarðarbæ auk þess óskum við eftir stuðningi við framkvæmd og undirbúning s.s. vegna leyfisveitinga, rafmagns, hljóðkerfis, kynninga og samskipta við gatnadeild bæjarins. Verði hinsvegar mikið um snjó í miðbænum á þessum tímapunkti er ekki þörf að flytja hann frá Bláfjöllum og þá yrði kostnaður um 50.000 kr. lægri.

Við munum reyna að virkja hafnfirski tónlistarmenn til að taka þátt í þessu með okkur og hafa tónlist á sviðinu á meðan á mótinu stendur. Vegna staðsetningar verður hægt að hafa þennan atburð nokkuð veglegan og mun hann auglýsa sig nokkuð sjálfur því undirbúningur mun fara fram á Thorsplani nokkra daga á undan.

Í fyrra fór sambærilegt mót fram í mars og þóttist heppnast afar vel. Vonandi getur þetta orðið fastur og skemmtilegur viðburður í unglíngamenninga- og íþróttastarfi í bænum.

Fyrir hönd áhugahóps um snjóbrettamót

Kv Aðalsteinn Valdimarsson